

200. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGINN 13. MARS 2013

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning, fundargerð síðasta fundar
2. Kirkjuþing 2012
3. Biskupsstofa – skipurit
4. Fjármál
 - a. Möðruvallaprestakall
 - b. Starfsþjálfun djákna- og prestsefna
5. Skálholt
 - a. - Miðaldadómkirkja
 - b. - Deiliskipulag Skálholts
 - c. - Friðun Skálholtsdómkirkju og Skálholtsskóla
 - d. - Beiðni um áframhald ábúðarsamnings um Skálholtsjörðina
6. Tónskóli þjóðkirkjunnar
 - a. Starfslok skólastjóra og uppsögn leiguhúsnæðis
7. Önnur mál
 - a. Fundargerð kirkjustarfshóps
 - b. Málefni Reykjavíkurprófastsdæmis eystra
 - c. Bréf biskups til kirkjuráðs vegna úrskurðar í máli nr. 1/2010.
 - d. Leikmannastefna 2013 – ályktanir
 - e. Tröð, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
 - f. Áskirkja, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra og Hellnakirkja á Snæfellsnesi Vesturlandsprófastsdæmi
 - g. Samningur þjóðkirkjunnar og Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands.
 - h. Bréf frá Sigurði Halldórssyni vegna Sumartónleika í Skálholti

1. FUNDARSETNING, FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst á biskupsstofu 13. mars kl. 9:15. Mætt voru Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands, kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gísli Gunnarsson, séra Gunnlaugur Stefánsson og Katrín Ásgrímsdóttir. Fundinn sátu jafnframt Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Ragnhildur Benediktsdóttir, skrifstofustjóri og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð. Magnús E. Kristjánsson forseti kirkjuþings sat fundinn er málefni kirkjuþings voru til umræðu. Héraðsnefndarmennirnir sr. Gísli Jónasson prófastur, Bjarni Grímsson og sr. Gunnar Sigurjónsson sátu fundinn er málefni Reykjavíkurprófastsdæmis eystra voru á dagskrá. Sr. Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup Skálholtsumdæmis sat fundinn er málefni Skálholts voru á dagskrá. Einnig sátu fundinn forsvarsmenn verkefnis um miðaldadómkirkju í Skálholti þegar sá dagskrárliður var til umræðu.

Fundurinn hófst á bæn og lestri passíúsálms.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. KIRKJUÞING

Á kirkjuþingi 2012 var samþykkt það bráðabirgðaákvæði að fresta mætti þinginu í allt að sex mánuði. Þingið var sett í nóvember 2012 og því frestað fram í mars. Rætt var um reynsluna af því fyrirkomulagi. Eftirfarandi mál voru til umfjöllunar á kirkjuþingi í mars: 13. mál. Starfsreglur um kjör til kirkjuþings. Tillagan var samþykkt á þinginu með smávægilegum breytingum. Kynna þarf próföstum ný kjördæmi vígðra.

45. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og vegna prófastsstarfa. Um var að ræða leiðréttingu ferðakostnaðar héraðspresta í sameinuðum prófastsdæmum.

46. mál Kirkjuþing samþykkti að sameining Möðruvalla- og Hríseyjarprestakalla, sem áður hafði verið samþykkt á kirkjuþingi 2009 og sem öðlaðist gildi 1. september 2012, skyldi ganga til baka. Sameining framangreindra prestakalla öðlast gildi við starfslok núverandi sóknarprests Hríseyjarprestakalls.

36. mál. Þingsályktun um kirkjulega viðurkenningu. Kirkjuráði var falið að búa málið til kynningar.

41. mál um sameiningu prestakalla. Kirkjuráði var falið að búa málið til kynningar og umfjöllunar á prestastefnu og í héruðum landsins.

Rætt var um þjóðmálanefnd og stöðu hennar. Formaður nefndarinnar hefur sagt af sér og forsætisnefnd mun taka málið upp fyrir kirkjuþing 2013.

Rætt um þingmálafundi. Forsætisnefnd mun koma saman og meta reynsluna af þingmálafundum og öðrum atriðum er varða undirbúning kirkjuþings og kynningu þingmála.

Rætt var um tímasetningu kirkjuþings.

Rætt var um kirkjuþing unga fólksins. Samkvæmt starfsreglum skal halda kirkjuþing unga fólksins að vori. Biskup og forseti kirkjuþings munu hafa samráð um undirbúning þingsins.

3. BISKUPSSTOFA - SKIPURIT

Biskup lagði fram til umræðu frumtillögu að nýju skipuriti biskupsstofu ásamt lista yfir verkefni biskupsstofu. Einnig lagði biskup fram greiningu á verkefnum kirkjuþings, biskups og kirkjuráðs. Sú greining er samantekt á lögum, starfsreglum og öðrum heimildum er fjalla um þjóðkirkjuna og verksvið framangreindra stjórnvalda kirkjunnar. Samkvæmt framangreindri tillögu er biskupsstofa skilgreind sem skrifstofa biskups Íslands, kirkjuþings og kirkjuráðs, sem mynda yfirstjórn þjóðkirkjunnar. Tillagan verður til umfjöllunar á næsta kirkjuráðsfundi.

4. FJÁRMÁL

a. Möðruvallaprestakall.

Vísað er til bókunar að framan um Möðruvalla- og Hríseyjarprestaköll. Ekki var gert ráð fyrir stofnun Möðruvallaprestakalls í fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Tryggja þarf prestsþjónustu í Möðruvallaprestakalli. Kirkjuráð ræddi stöðuna og þær leiðir sem færar eru. Biskup mun gera tillögu að úrlausn málsins fyrir næstu mánaðarmót, en þá stofnast Möðruvallaprestakall formlega.

b. Starfsþjálfun djákna- og prestsefna.

Sviðsstjóri kærleiksþjónustusviðs, sem hefur með höndum starfsþjálfun sendi kirkjuráði beiðni um aukafjárveitingu upp á 300 þ.kr. til að standa straum af kostnaði við persónuleikapróf og námskeið um leiðtogaþjálfun. Samþykkt að vísa beiðninni til biskups.

5. SKÁLHOLT

a) Miðaldadómkirkja í Skálholti.

Biskup bauð velkomna fulltrúa verkefnahóps um byggingu miðaldadómkirkju í Skálholti. Rætt var um stöðu og þróun verkefnisins og forsögu og kom fram að framundan væri vinna við nákvæmari fjárhagsáætlun og jafnframt að gefa verkefninu skýrari línur.

b) Deiliskipulag Skálholts.

Verið er að vinna deiliskipulag í Skálholti og er það unnið í áföngum. Nú er sérstaklega unnið að skipulagi í kringum núverandi byggingar í Skálholti, þ.e. dómkirkjuna,

skólahúsið og nánasta umhverfi. Í framtíðinni er stefnt að því að vinna deiliskipulag fyrir Skálholtsjörðina í heild.

c) Friðun Skálholtsdómkirkju og Skálholtsskóla.

Lagt var fram bréf mennta- og menningarmálaráðherra þar sem kynnt er ákvörðun ráðherra um að friða Skálholtskirkju, Skálholtsskóla og nánasta umhverfi. Friðunin nær til innra og ytra byrðis Skálholtskirkju, ytra byrðis Skálholtsskóla auk nánasta umhverfis að undanskilinni yfirbyggingu yfir friðlýstar fornleifar Þorláksbúðar.

d) Beiðni um áframhald ábúðarsamning um Skálholtsjörðina.

Vígslubiskup lagði fram bréf þar sem óskað er eftir heimild kirkjuráðs til að framlengja ábúðarsamning núverandi ábúanda í Skálholti til tveggja ára.

Kirkjuráð samþykkti framangreinda beiðni og veitti vígslubiskupi umboð til samningsgerðarinnar. Haft verði samráð við fasteignasvið biskupsstofu.

6. TÓNSKÓLI ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Fundargerð skólastjórnar Tónskóla þjóðkirkjunnar, dags. 27. febrúar 2013, lögð fram. Í fundargerðinni kemur fram að skólastjórnin framfylgdi ekki bókun kirkjuráðs frá 7. janúar 2013, um starfslok skólastjóra og eru ástæður stjórnarinnar fyrir því tilgreindar í bókuninni. Málið verður til umfjöllunar á næsta fundi kirkjuráðs.

Ákvörðun kirkjuráðs, sem tilkynnt var stjórninni bréflaga, um uppsögn leiguhúsnæðis í Grensáskirkju stendur óhöggud.

7. ÖNNUR MÁL

a) Fundargerð kirkjustarfshóps, dags. 12. mars 2013, lögð fram til kynningar.

b) Málefni Reykjavíkurprófastsdæmis eystra.

Biskup bauð fulltrúa héraðsnefndar prófastsdæmisins velkomna á fundinn. Sr. Gísli Jónasson, prófastur og formaður héraðsnefndarinnar las upp bréf frá héraðsnefnd prófastsdæmisins þar sem fram kemur að óánægja er með þá ákvörðun að fresta auglýsingu prestsembættis í Grafarvogi. Einnig kom þar fram að mikið hefur verið skorið niður í þjónustu safnaðanna í prófastsdæminu. Hann minnti einnig á að á undanförunum árum hefur mikið verið skorið niður í hinni vígðu þjónustu í prófastdæminu og á suðvesturhorninu.

c) Bréf biskups til kirkjuráðs vegna úrskurðar í máli nr. 1/2010.

Lagt var fram til kynningar bréf biskups Íslands, dagsett 11. mars 2013, í máli Jóhönnu Guðjónsdóttur gegn formanni sóknarnefndar og kirkjuverði Selfosskirkju. Sr. Kristján

Valur Ingólfsson gegndi embætti biskups Íslands í málinu. Í bréfinu kemur fram að biskup telji það ámælisvert að sóknarnefndin hafi ekki farið að tilmælum úrskurðarnefndar og veitt ofangreindum starfsmönnum sóknarinnar áminningu.

d) Leikmannastefna 2013.

Tvær ályktanir voru samþykktar á Leikmannastefnu. Annars vegar um friðun Skálholtskirkju og nánasta umhverfis svo og ákvörðun um að Þorlákabúð skuli flutt af núverandi stað. Hins vegar ályktun um sóknargjöld.

e) Tröð, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Kirkjubing 2013, samþykkti heimild til að selja fyrrum prestssetursjörðina Tröð, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Jörðin hefur verið auglýst til sölu um alllangt skeið. Tilboð hefur borist í landið upp á 15,5 m.kr. Kirkjuráð samþykkti að ganga að tilboðinu og veitti framkvæmdastjóra umboð til undirritunar kauptilboðsins, kaupsamnings, afsals og eftir atvikum annarra nauðsynlegra skjala.

f) Áskirkja, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra og Hellnakirkja á Snæfellsnesi Vesturlandsprófastsdæmi.

Lögð voru fram til kynningar bréf frá sóknarnefnd Áskirkju, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, og Hellnakirkju á Snæfellsnesi, Vesturlandsprófastsdæmi, vegna umsókna sóknanna um styrki úr Jöfnunarsjóði sókna fyrir yfirstandandi ár. Framkvæmdastjóri mun svara erindum sóknarnefndanna.

g) Samningur þjóðkirkjunnar og Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Biskup kynnti kirkjuráði viðræður sem hann hefði átt við Siðfræðistofnun. Í gildi var samningur milli kirkjunnar og stofnunarinnar um tiltekið samstarf, en sá samningur er runninn út. Biskup mun gera tillögur um hvort- og þá hvernig – samstarfinu verður haldið áfram.

h) Bréf frá Sigurði Halldórssyni vegna Sumartónleika í Skálholti.

Biskup kynnti kirkjuráði erindi frá Sumartónleikum í Skálholti þar sem fram kemur óánægja með að enginn fjárstyrkur hafi verið veittur til starfsins á þessu ári. Biskupi falið að athuga málið nánar og verður það á dagskrá að nýju á næsta fundi kirkjuráðs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:40

Næsti fundur ákveðinn 10. apríl 2013. Stefnt er að því að halda fundinn í Strandakirkju.

Þorvaldur Víðisson
Biskupsritari